



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 32. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

### 19. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 1. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

1. **Samráðshópur um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi: Fundargerð 2. fundar frá 25. október sl.**

Lögð fram fundargerð 2. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi.

*Ábendingum í lið 3, afsláttur af fasteignagjöldum eldri borgara og öryrkja er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Varðandi lið 4 þar sem óskað er eftir fundi með sveitarstjóra þá er rétt að geta þess að unnið er að því að finna tímasetningu sem öllum hentar.*

*Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.*

2. **Skólanefnd: Fundargerð 7./8. fundar frá 19. október 2023.**

Lögð fram fundargerð 7./8. fundar Skólanefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

3. **Fundargerð 268. fundar skipulagsnefndar frá 25. október sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. október sl.**

Lögð fram fundargerð 268. fundar skipulagsnefndar frá 25. október sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. október sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 16. Sunnuhlíð, Fannborgartangi: Íbúðarsvæði; Endurskoðað deiliskipulag.**

Lögð er fram tillaga að heildarendurskoðun deiliskipulags íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar, vestan núverandi þéttbýlis að Flúðum eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar. Deiliskipulagið tekur til íbúðarsvæðis ÍB8, verslunar- og þjónustusvæðis VP5, iðnaðarsvæðis I3 og opins svæðis OP5 að hluta. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðarbyggð í formi einbýlishúsa, parhúsa og raðhúsa. Á verslunar- og þjónustureit er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu gistipjónustu. Á iðnaðarreit er gert ráð fyrir uppbyggingu hreinsivirkis fyrir svæðið og á opnum svæðum er gert ráð fyrir heimildum fyrir uppbyggingu göngu- og reiðstíga. Athugasemdir bárust við gildistöku áætlunar af hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær athugasemdir ásamt andsvörum og uppfærðum gögnum lögð fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu

málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Mál nr. 19. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. október sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. október sl. Sveitarstjórn fagnar metnaðarfullum áformum eigenda Hótel Flúða sem fengið hafa samþykkt byggingaráform um 36 herbergja gistiálmum sunnan við hótelið sem tengjast mun núverandi byggingum með tengigöngum.

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**4. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 18. október 2023.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 19. október 2023.**

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þátttöku og framlög sveitarfélaga til stafræns samstarfs 2024.

*Sveitarstjórn samþykkir áframhaldandi þátttöku í verkefninu í samræmi við þær forsendur sem kynntar hafa verið.*

**6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 25. október 2023.**

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna úthlutunar úr Námsgagnasjóði 2023.

*Lagt fram til kynningar en framlag til Hrunamannahrepps nemur kr. 174.000,-.*

**7. Bréf frá Sigurhæðum frá 27. október 2023.**

Lagt fram bréf frá Sigurhæðum þar sem þakkað er fyrir veittan styrk og óskað er eftir styrk til Sigurhæða.

*Sveitarstjórn samþykkir að styrkja starfsemina um kr. 300.000,- fyrir árið 2024.*

**8. Tillaga frá L-listanum um breytingu á álagningu fjallskilakostnaðar frá 29. október 2023.**

Lögð fram tillaga frá L-listanum um breytingu á álagningu fjallskilakostnaðar. Breytingartillagan felst í því að ekki verður lengur lagt á eigendur lögbýla í sveitarfélaginu að greiða fjallskilakostnað eins og verið hefur, heldur verði það sveitarsjóður sem leggur til fjármagn til að greiða þann kostnað sem greiða þarf til að smala afréttinn. Áfram verði þó lagt gjald á vetrarfóðraða kind sem nýtir afréttinn eða annað sameiginlegt land til upprekstrar.

*Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til Afréttarmálanefndar til umfjöllunar.*

**9. Minnisblað varðandi ráðningu yfirmanns eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála frá 30. október 2023.**

Lagt fram minnisblað varðandi ráðningu yfirmanns eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála. Þrjár umsóknir bárust um stöðuna og voru tveir einstaklingar teknir í viðtal.

*Sveitarstjórn samþykkir að ráða Gunnþór K. Guðfinnsson sem yfirmann eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála.*

*Gunnþór er garðyrkjufræðingur að mennt auk þess að vera með diplómu í garðyrkjutækni frá Landbúnaðarháskóla Íslands og með próf í lífefldum landbúnaði frá Svíþjóð. Auk þessa hefur hann tekið fjölda námskeiða varðandi störf sín. Gunnþór hefur áður gengt stöðu yfirmanns þjónustumiðstöðvar um árabíl hjá tveimur sveitarfélögum þar sem hann sinnti verkefnum mjög svipuðum þeim sem staða hans hjá Hrunamannahreppi mun krefjast. Hann hefur reynslu af mannaforráðum, verkefnaskipulagi sem og gerð fjárhagsáætlunar. Hann þekkir vel til stjórnáætlunar og verkefna sveitarfélaga í gegnum fyrri störf sín. Sveitarstjórn hefur yfirfarið umsóknir og kannað meðmæli og telur Gunnþór búa yfir þeirri reynslu og þekkingu sem starf þetta krefst.*

**10. Minnisblað varðandi auglýsingu lóða við Reynihlíð og Víðihlíð frá 30. október 2023.**

Lagt fram minnisblað varðandi auglýsingu lóða við Reynihlíð og Víðihlíð.

*Sveitarstjórn samþykkir að auglýsing verði birt í lok vikunnar þar sem auglýst verði eftir áhugasömum aðilum til að byggja upp verslun og þjónustu sem og íbúðabyggð á lóðum við Reynihlíð og Víðihlíð.*

*Núverandi landnotkun svæðisins gerir ráð fyrir verslun og þjónustu við Reynihlíð en þar eru í dag byggingar sem eru víkjandi skv. deiliskipulagi. Við Víðihlíð er gert ráð fyrir íbúðabyggð að mestu leyti en einnig verslun og þjónustu. Samtals fermetrar skipulagðra lóða við báðar götur eru 9.365m<sup>2</sup>.*

*Sveitarstjórn telur að ríkir möguleikar séu til fjölbreyttrar uppbyggingar á svæðinu en komi fram óskir um að vikið verði frá gildandi aðal- og/eða deiliskipulagi ber tilvonandi lóðarhafa að sjá um þær breytingar sem og að bera allan kostnað við þá vinnu. Tilvonandi lóðarhafi skal einnig bera allan kostnað við að fjarlægja þau mannvirki sem þegar eru á svæðinu.*

*Við mat á umsækjendum mun sveitarstjórn taka tillit til eftirfarandi þátta.*

- Hugmyndir umsækjanda um uppbyggingu á svæðinu.
- Forgangsröðun framkvæmda og framkvæmdatími.
- Þekking og reynsla umsækjanda af rekstri og uppbyggingu.
- Lóðagjald til sveitarfélagsins.

*Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum. Umsóknarfrestur um lóðirnar verði til og með 13. nóvember næstkomandi.*

**11. Minnisblað varðandi aðgerð nr. 5 – Atvinnumálastefna Uppsveita Árnessýslu 2023-2027 frá 30. október 2023.**

Lagt fram minnisblað vegna aðgerðar númer 5 í Atvinnumálastefnu Uppsveita Árnessýslu 2023-2027, móttökuáætlun. Þar er gert ráð fyrir að hver sveitarstjórn skipi einn fulltrúa og einn til vara til að hefja vinnu við móttökuáætlun vegna móttöku nýrra íbúa.

*Sveitarstjórn skipar Ninu Faryna sem aðalmann í vinnuhópinn og Ragnheiði Björgu Magnúsdóttur til vara.*

**12. Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti.**

Lögð fram beiðni um að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að Ljónastíg 8, fastanúmer 220-4182.

*Sveitarstjórn samþykkir að fallið sé frá forkaupsrétti að Ljónastíg 8, fastanúmer 220-4182.*

**13. Erindisbréf Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps.**

Lagt fram erindisbréf Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps.

*Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið með þeim ábendingum sem ræddar voru á fundinum.*

**14. Erindisbréf Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps.**

Lagt fram erindisbréf Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps.

*Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið með þeim ábendingum sem ræddar voru á fundinum.*

**15. Erindisbréf Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps.**

Lagt fram erindisbréf Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps.

*Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið með þeim ábendingum sem ræddar voru á fundinum.*

**16. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði þann 16. nóvember kl. 17:00.

**Fjárhagsleg málefni:**

**17. Gjaldskrá fyrir mötuneyti Flúðaskóla og Skólasel.**

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir mötuneyti Flúðaskóla og Skólasel 2024.

*Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.*

**Verkfundargerðir:**

**18. Flúðaskóli, endurnýjun þaks o.fl.: Verkfundargerð 10., 11. og 12. fundar.**

*Fundargerðirnar samþykktar.*

**Mál til kynningar:**

**19. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 935. fundar stjórnar frá 16.10.2023.**

*Lagt fram til kynningar.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:28.